

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 309.846 með 13% ársvöxtum frá 3. apríl 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 7.000 vegna fjárnámsbeiðni, kr. 8.600 í kostnað af endurriti og birtingu dóms, kr. 100.000 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarpóla mætir Dagbjört Traustadóttir, sem býr hér.

Mætta kveðst aðspurð ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mættu um sannsögli og skorar á hana að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsir fógeti yfir fjárnámi í fasteigninni Þrúðvangi 4 í Hafnarfirði, eign Jóns Rúnars Jónssonar, annars eiganda sameignarfélagsins Jóns V. Jónssonar s/f.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu, sem er ólöglærð, og brýnir m. a. fyrir henni að tilkynna gerðarpóla fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 28. janúar 1982.

Nr. 2/1982. **Hreppsnefnd Grímsneshrepps**
 f. h. hreppsins
 gegn
 dánarbúi Helgu Jónsdóttur.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með kæru, dags. 27. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 5. janúar 1982, kært til Hæstaréttar úrskurð aukadómþings Árnassýslu 25. nóvember 1981. Krefst hann þess, að úrskurðinum verði hrundið og synjað verði um hina umbeðnu dómkvaðningu matsmanna. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja 1.500.00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, hreppsnefnd Grímsneshrepps f. h. hreppsins, greiði varnaraðilja, dánarbúi Helgu Jónsdóttur, 1.500.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Árnassýslu 25. nóvember 1981.

Með stefnu, útgefinni 15. desember 1980, höfðuðu löggiltir skiptaforstjórar í dánarbúi Helgu Jónsdóttur mál á hendur hreppsnefnd Grímsneshrepps í Árnassýslu, þar sem þess er krafist, að:

1. Dæmt verði, að hæfilegt endurgjald fyrir jörðina Ásgarð í Grímsneshreppi sé gkr. 1.232.000.000.
2. Varnaraðili greiði sóknaraðilja kostnað af flutningi máls þessa hjá matsnefnd eignarnámsbóta og fyrir aukadómþinginu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.
3. Varnaraðili greiði dæmdar fjárhæðir innan 14 daga frá birtingu dóms þessa gegn afsali jarðarinnar.

Með sameiginlegri og gagnkvæmri erfðaskrá, dags. 31. ágúst 1971, arfleiddu hjónin Helga Jónsdóttir og Sigurliði Kristjáns-son kaupmaður, síðast til heimilis að Laufásvegi 72, Reykjavík, Hjartavernd, Reykjavíkurborg og Skógrækt ríkisins að jörðinni Ásgarði í Grímsneshreppi með gögnum og gæðum. Þau hjón eru nú bæði látin, og standa skipti á búi Helgu yfir, en

hún tók allan arf eftir mann sinn samkvæmt nefndri erfðaskrá. Vegna ákvæða 2. mgr. 26. gr. jarðalaga nr. 65/1976 var stefnda, hreppsnefnd Grímsneshrepps, gefinn kostur á að fá jörðina keypta. Stefndi, hreppsnefndin, ákvað að neyta forkaupsréttar sins.

Ágreiningi um verð var vísað til matsnefndar eignarnámsbóta til ákvörðunar um verð og greiðslukjör. Þann 17. nóvember 1980 kvað matsnefndin upp svohljóðandi úrskurð: „Eignarnemi, hreppsnefnd Grímsneshrepps f. h. hreppsins, greiði eignarnámsbóla, dánarbúi Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur, kr. 124.341.000 og kr. 1.500.000 í málskostnað. Eignarnemi greiði til ríkissjóðs kostnað af starfi matsnefndarinnar, kr. 2.400.000.“

Sóknaraðili vildi ekki una mati nefndarinnar og höfðaði mál þetta með heimild í 17. gr. laga nr. 11/1973, sem hljóðar svo:

„Leita má úrlausnar dómstóla um ágreining út af lögmæti eignarnáms, þar á meðal ágreining um fjárhæð eignarnámsbóta, en um síðastgreint atriði þó ekki fyrr en úrlausn matsnefndar liggur fyrir.“

Tekið var til varna af hálfu stefnda, og eru kröfur hreppsnefndarinnar þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða kostnað af málinu fyrir matsnefnd eignarnámsbóta og málskostnað í máli þessu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Mál þetta var þingfest 16. desember 1980. Þann 22. janúar 1981 lagði stefnandi fram greinargerð sína og dskj. 3—15, og var málinu þá frestað til 26. febrúar 1981, en fram kom greinargerð stefnda þann 28. apríl sl. Var gengið á vettvang í Ásgarði og jörðin og aðstæður skoðaðar. Þann 6. júlí sl. fóru fram vitna-yfirheyrslur, og þann 10. september lagði lögmaður stefnanda fram ýmis gögn.

Þann 6. október sl. var eftirfarandi bókað í þingbók: „Dómurinn beinir því nú til aðila að afla frekari sönnunargagna en fyrir liggja, m. a. með matsgerð um hugsanlegt verðmæti Ásgarðslands ásamt tilheyrandi.“

Með bréfi, dags. 23. október 1981, til sýslumannsins í Árnes-sýslu, dskj. nr. 30, fór lögmaður stefnanda fram á það, að „dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að meta til söluverðs jörðina Ásgarð í Grímsnesi, Árnessýslu, svo sem nánar greinir hér á eftir.

Matsmenn skulu við mat miða við gangverð jarðarinnar, þ. e.

miða við það verð, sem ætla má, að fengist gæti fyrir jörðina við sölu, og fylgt sé þá þeirri skiptingu, sem hér greinir:

1. Allt land sunnan Ásgarðsár en vestan Sogsvegar.
2. Allt land sunnan Ásgarðsár en austan Sogsvegar.
3. Allt annað land jarðarinnar og þar með talið ræktun, girðingar og öll jarðarhús ásamt öllu, sem þeim fylgir og fylgja ber.
4. Sumarbústaður Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur ásamt öllu, sem honum fylgir og fylgja ber, þar með talin rafstöð.
5. Veiðihús, ásamt öllu því, sem því húsi fylgir og fylgja ber.
6. Veiðiréttur jarðarinnar í Sogi, Álftavatni og Ásgarðsá.

Við mat sé þess gætt, að unnt er að selja hluta landsins undir sumarbústaðalönd. . . .“

Boðað var til þinghalds 25. nóvember, þar sem matsbeiðni þessi yrði tekin fyrir.

Sótt var þing af hálfu beggja aðilja. Og var eftirfarandi bókað að ósk umboðsmanns stefnda: „Í tilefni af dómkvaðningarbeiðni lögmanns stefnanda, dagsettri 23. október s.l., í máli þessu eru ítrekuð mótmæli mín frá 6. október s.l. og þess krafist, að úrskurðað verði um umbeðna dómkvaðningu. Ástæður eru þessar: Samkvæmt 26. gr. i. f. jarðalaga hefur matsnefnd eignarnámsbóta metið verð jarðarinnar Ásgarðs, og samkvæmt 17. gr. laga nr. 11, 1973 ber ágreining um fjárhæð bóta undir dómstóla. Nýtt mat á því ekkert erindi inn í þetta mál. Mat á Ásgarði gæti orðið mjög kostnaðarsamt, og auk þess mundi það valda ófyrirsjáanlegum töfum á málinu. Fráleitt væri að skylda umbjóðendur mína til að bera þann kostnað til viðbótar kostnaði við þegar framkvæmt mat.

Loks er bent á, að matsbeiðnin takmarkast aðeins við gangverð jarðarinnar, en í því fellst að mínu mati, að ekki skuli taka tillit til sjónarmiða jarðalaga.“

Lögmaður stefnanda tók fram, að hann hefði þegar skv. ábendingu frá dóminum beðið um dómkvaðningu matsmanna, sbr. dskj. nr. 30, og hvarflaði ekki frá þeirri beiðni.

Með framangreindri bókun í þinghaldi þann 6. október sl. beindi dómurinn þeim tilmælum til aðilja, að aflað yrði frekari sönnunargagna en fyrir liggja, m. a. með matsgerð, svo sem að framan er talið. Matsbeiðnin er fram komin að þessu tilefni gefnu.

Hvorki verður séð, að 17. gr. laga nr. 11/1973 né 26. gr. jarðalaga nr. 65/1976 séu því til fyrirstöðu, að annarra sönnunargagna heldur en þar greinir sé aflað, þ. á m. matsgerða.

Slík skýring er í samræmi við meginreglu þá, sem fram kemur í 122. gr. laga nr. 85/1936.

Aðrar þær ástæður, sem lögmaður stefnda hefur fram komið, eru heldur ekki því til fyrirstöðu, að krafa matsbeiðanda verði tekin til greina.

Samkvæmt þessu þykir rétt, að umbeðin dómkvaðning fari fram.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómsmönnum Árna Jónssyni landnámsstjóra og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Úrskurðarorð:

Umbeðin dómkvaðning fari fram.

Fimmtudaginn 28. janúar 1982.

Nr. 175/1981. Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Bjarna Jósefssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 19. júní 1981. Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember s. á.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.